



Alþingi
Erindi nr. P 141/921
komudagur 7.12.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. desember 2012

1210007SA TP
Málalykill: 401

Efni: Frv. til laga um stjórnýslu ríkisins í héraði - 161. mál 141. lþ.

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis, dags. 15. október sl. þar sem ofangreint þingmál er sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Vegna anna er umsögnin sein á ferðinni en sambandið væntir þess að það komi ekki að sök.

Almennt um frumvarpið

Fyrirhugaðar breytingar á sýslumannsembættunum hafa verið ræddar í samráði við fulltrúa sveitarstjórnarstigsins og styður sambandið að frumvarpið verði að lögum. Hins vegar er ljóst að frumvarpið markar einungis fyrsta skrefið í löngu ferli þar sem á ýmsum stigum verða teknar ákvarðanir er varða sveitarfélög á einstökum svæðum með beinum hætti. Í því sambandi er sérstök athygli vakin á því sem fram kemur í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins í fylgiskjali IV, að innanríkisráðuneytið áformi að vinna að útfærslu á fjárhagsramma hinna nýju embætta „á komandi missirum“.

Það að vinnan sé dregin á langinn með þessum hætti hefur m.a. þær afleiðingar að ekki er hægt að meta fjárhagsleg áhrif af lögfestingu frumvarpsins, hvorki fyrir ríkissjóð né sveitarstjórnarstigið. Af þeirri ástæðu leggur sambandið ríka áherslu á að kröfur um hagræðingu sem fram munu koma samhliða nýrri skipan verði ræddar með gegnsæjum og opinskáum hætti í samstarfsnefndum sem frumvarpið mun koma á skv. 8. gr. þess.

Þá verður einnig að hafa í huga að skv. 97. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, skulu ráðuneyti og stofnanir þeirra ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi landshlutasamtaka um stefnumótun eða ákvarðanir sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega.

Tillaga um breytingu á 11. gr.

Eins og fram kemur í greinargerð er það nýmæli í frv. að settar skuli á laggirnar samstarfsnefndir sýslumanns, lögreglustjóra og sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi.

Hér athugast að samstarfsnefndir hafa verið við lýði á grundvelli gildandi lögreglulaga og er gert ráð fyrir því í frv. til endurskoðunar á fyrirkomulagi löggæslu að þeirri skipan verði framhaldið, þannig að hlutaðeigandi sveitarstjórar sitji í þeim nefndum ásamt lögreglustjóra (sjá tillögu um 6. gr. í frv. á þingmáli nr. 173).

Athygli vekur að breytt skipan samstarfsnefnda lögreglustjóra og sveitarstjóra á að taka gildi strax við samþykkt laganna, fremur en þar sé miðað við 1.



janúar 2015. Að mati sambandsins er rökrétt og skynsamlegt að sama eigi við um samstarfsnefndir sýslumanna og er því gerð tillaga um að 8. gr. bætist við upptalningu á ákvæðum í 3. málsl. 11. gr. frv.

Sambandið bendir einnig á að æskilegt væri að fram kæmi í 8. gr. að halda megi sameiginlega fundi í nefndum skv. báðum lögum, enda einsýnt að það verði gert þegar umfjöllunarefnin snerta lögreglustjórn.

Að öðru leyti er einsýnt að meginverkefni samstarfsnefnda skv. 8. gr. frv. muni felast í því að fara yfir rekstraráætlanir hinna áformuðu embætta þannig að þjónustumarkmiðum verði náð og komið til móts við réttmæt sjónarmið um uppbyggingu og viðhald nærþjónustu.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri